



11. janúar 2022

Komið þið sæl og gleðileg nýtt ár.

Mig langar að byrja á því að þakka ykkur fyrir samstarfið á árinu sem er liðið. Þið hafið staðið ykkur vel við mjög erfiðar og krefjandi aðstæður og þökkum við kærlega fyrir það.

Eins og við höfum séð margoft í haust þegar smit hefur komið upp í barna- og starfsmanna hópum þá hefur það mikil áhrif á skóla- og frístundastarfið. Í kjölfarið þurfa oft mörg börn og starfsfólk að fara í einangrun, sóttkví og smitgát sem allt eru íþyngjandi aðgerðir og raskar daglegu lífi. Hægt er að minnka á líkurnar á slíkum atburðum með því að fylgja tilmælum sóttvarnalæknis og vera með öfluga smitrakningu.

Mikilvægt er að við leggjumst á eitt og gerum allt sem í okkar valdi stendur til að minnka röskun á daglegu lífi. Hér fyrir neðan eru leiðbeiningar um verklag í smitrakningu og samstarfi stjórnenda og starfsfólks almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins (AHS) sem hefur það hlutverk að styðja við og veita aðstoð.

Vegna gríðarlegrar fjölgunar smita í samfélaginu þurfti smitrakningarteymi sóttvarnalæknis og almannavarna og AHS að bregðast hratt við og breyta aðferðafræðinni við rakningu. Nú munu stjórnendur fá sendan til sín hlekk frá smitrakningateyminu, þar sem skrá þarf þau sem þurfa að fara í sóttkví.

Mikilvægt er að hafa réttan útsetningardag áður en skráning og upplýsingagjöf til foreldra og starfsfólks hefst, ekki er hægt að ljúka skráningunni áður en starfsfólk AHS hefur hringt í stjórnandann og staðfest réttan útsetningardag viðkomandi smits. Áður barst þessi hlekkur bakvakt AHS. Þetta er gert til að stytta afgreiðslutíma hvers tilfellis og halda þjónustu bakvaktar úti og minnka tafir.

Vonandi er þetta tímabundin ráðstöfun að skráningin færist á hendur stjórnenda en það er nauðsynlegt til að geta sinnt símaþjónustunni. Okkar mat er að vægi símtalsins við starfsfólk AHS sé meira en að það sé að sinna frumskráningu fyrir einstaka skóla eins og staðan er núna.

Starfsfólk AHS hringir nú eins og áður hefur komið fram í stjórnendur og upplýsir um réttan útsetningardag, þá daga sem eru undir í rakningu. Þegar því símtali er lokið, þar sem farið er yfir rakninguna og réttur útsetningardagur liggur fyrir, er hægt að ljúka skráningu í sóttkví og upplýsa foreldra.

Starfsfólk AHS getur því miður ekki séð um skráningu í sóttkví eins og staðan er núna þrátt fyrir að fjölgað hafi verið í hópnum. Álagið er gríðarlegt og forgangsröðun verkefna bakvaktar stendur á milli skráningar í sóttkví og þess að halda áfram símtölum og samskiptum við stjórnendur, sem við teljum nauðsynleg. Í undantekningartilvikum og ef aðstæður kalla á þá getur starfsfólk AHS lokið skráningunni. Eins getur starfsfólk AHS alltaf leiðrétt skráningar eftir á ef í ljós kemur að einhver hafi verið ranglega skráður í sóttkví.



Mikið álag er nú á kerfinu sem fyrr segir en við erum að reyna að mæta því. Við biðlum einnig til stjórnenda að rýna vel [leiðbeiningarnar](#) sem eru í gildi, þar eru upplýsingar um hverjir það eru sem þurfa að fara í sóttkví. Þannig ættum við að geta stytta símtölin eins og hægt er til að geta aðstoðað sem flesta og vonum við að þið hafið skilning á því og skoðið leiðbeiningarnar vel áður en þið hringið.

Jafnframt viljum við benda á að þegar smit kemur upp í leikskóla þá er venjan að öll deildin þar sem smitið kemur upp fari í sóttkví. Meginlínan er að leikskólabörn eru ekki sett í smitgát. Smitgát er notuð fyrir hóp í grunnskóla sem ekki er eins útsettur, þ.e. situr ekki við hlið þess smitaða eða umgengst viðkomandi minna. Í leikskóla er erfiðara að meta þetta, þess vegna er öll deildin sett í sóttkví og er því ekki þörf á smitgát. Minnum enn og aftur á [leiðbeiningarnar](#), en þar er aðferðafræðin skýrð enn frekar.

Við viljum einnig minna á að sóttkví er 14 dagar, en til að stytta hana þá er hægt að fara í sýnatöku á fimmta degi, sé þess ekki kostur þá þarf að ljúka fjórtán dögum. Einangrun er að lágmarki 7-10 dagar og er fólk að öllu jöfnu útskrifað af hálfu COVID göngudeildar Landspítalans. Eftir útskrift má starfsfólk mæta til vinnu og börn í skóla.

Við minnum aftur á netfangið ahs@shs.is og símann 547-1122 fyrir bakvakt AHS sem og síðuna ahs.is en þar er töluvert af leiðbeiningum og öðrum gögnum sem er gott að kynna sér. Við svörum frá klukkan 10.00 til 22.00 alla sjö daga vikunnar. Ef við náum ekki að svara sendið þá tölvupóst með beiðni um að fá símtal og við hringjum til baka við fyrsta tækifæri. Endilega hafið samband ef eitthvað er.

Með bestu kveðju,

framkvæmdastjóri,
almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.